

Breytingartillögur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks við frumvarp við fjárhagsáætlun 2016:

D-01:

Lagt er til að eftirtalin fjárveiting til byggingaframkvæmda verði felld brott úr frumvarpi að fjárhagsáætlun 2016: kostnaðarstaður 1103, Grófarhús, viðbygging, 230 milljónir króna.

D-02:

Lagt er til að eftirtalin fjárveiting verði felld brott úr frumvarpi að fjárhagsáætlun 2016: kostnaðarstaður 1108, Gröndalshús, 50 milljónir króna.

D-03:

Lagt er til að eftirtalin fjárveiting verði felld brott úr frumvarpi að fjárhagsáætlun 2016: kostnaðarstaður 1108, Ráðhús, 50 milljónir króna.

D-04:

Lagt er til að eftirtalin fjárveiting verði felld brott úr frumvarpi að fjárhagsáætlun 2016: kostnaðarstaður 1108, Nauthólsvegur 100, 82 milljónir króna.

D-05:

Borgarstjórn samþykkir sérstaka fjárveitingu til endurbóta á gervigrasvöllum í borginni að upphæð 151 milljón króna. Fjárveitinguna skal nota til að endurnýja velli, sem eru nú með kurl úr úrgangsdekkjum sem yfirborðs-fylliefni, en setja þess í stað viðurkennt gæðagras og efni, sem stenst ýtrustu umhverfis- og heilbrigðiskröfur. Ýmsir aðilar, t.d. Læknafélag Íslands, hafa ítrekað varað við notkun úrgangsdekkjakurls sem fylliefni á umrædda velli og bent á að í því séu efni sem geti verið skaðleg heilsu manna, ekki síst barna og ungmenna.

Ofangreindar breytingar þýða bættu stöðu og hækkun handbærs fjár um 261 milljónir króna.

D-06:

Borgarstjórn samþykkir að endurskoða hlutverk þjónustumiðstöðva borgarinnar með það að markmiði að draga úr rekstrarkostnaði, samræma þjónustustig milli hverfa og viðhalda góðu þjónustustigi til allra borgarbúa.

D-07:

Borgarstjórn samþykkir að styrkja tekjuáætlun 5 ára áætlunar með því að úthluta fleiri lóðum undir fjölbreyttar húsagerðir í borgarlandinu. Skrifstofu Eigna- og atvinnuþróunar (SEA) og fjármálaskrifstofu er falið að reikna út væntan tekjuauka og mögulega aukningu.

D-08:

Borgarstjórn samþykkir að gerð verði úttekt á hagkvæmni þess að bjóða út sorphirðu í Reykjavík. Í þeirri úttekt skal miðað við að slík breyting á fyrirkomulagi verði gerð í áföngum, t.d. með því að sorphirða verði í upphafi boðin út í 1-2 hverfum og reynslan metin áður en lengra verður haldið. Einnig skal tryggt að núverandi starfsmenn sorphirðunnar hjá Reykjavíkurborg haldi störfum sínum og réttindum með þeim hætti að vænt hagræðing verði gerð í samræmi við starfsmannaveltu viðkomandi deildar eða með því að þeim bjóðist annað sambærilegt starf hjá borginni.

D-09:

Ekki er samræmi í fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Borgarstjórn samþykkir að fjárhagsaðstoð í Reykjavík verði endurskoðuð með hliðsjón af fjárhagsaðstoð í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.